

Ed.

489. Frumvarp til laga

[307. mál]

um fjárfestingarsjóð launamanna.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Stofna skal fjárfestingarsjóð launamanna. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn, sbr. 2. gr.

Fjárfestingarsjóði launamanna er ætlað það hlutverk:

1. að stuðla að innlendum sparnaði og draga þar með úr erlendum lántökum þjóðarinnar,
2. að fjárfesta í atvinnulífi og efla atvinnuvegi landsmanna,
3. að ávaxta inneignir launamanna í sjóðnum og auka eignaraðild þeirra í atvinnurekstri.

2. gr.

Yfirstjórn fjárfestingarsjóðs launamanna er fulltrúaráð skipað fjörutíu og fimm fulltrúum verkalýðsfélaga og samtaka launamanna sem samningsrétt hafa um kjör sín. Fjöldi fulltrúa frá hverju félagi eða samtökum skal ákveða í hlutfalli við félagatölu og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem félagsmálaráðuneytið setur að höfðu samráði við samtök launafólks.

Fulltrúaráð sjóðsins kemur saman eigi sjaldnar en þrisvar á ári hverju og er æðsta stjórn sjóðsins. Fulltrúaráðið markar fjárfestingarstefnu sjóðsins í meginatriðum.

Fulltrúaráðið kýs sex menn í stjórn sjóðsins en Alþingi þrjá. Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um fjárfestingar og lánveitingar sjóðsins í samræmi við þá stefnu sem fulltrúaráðið hefur markað.

3. gr.

Í öllum atvinnurekstri skal greiða framlag til fjárfestingarsjóðs launamanna og skal það vera ¼% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 1986. Framlagið skal hækka um ¼% á ári hverju þar til það er orðið 2%.

4. gr.

Greiðsla frá atvinnurekstri til fjárfestingarsjóðsins skal færð á reikning viðkomandi launamanns og telst inneign hans hjá sjóðnum. Að átta árum liðnum fær hann hálfu upphæðina endurgreidda en endanlegt uppgjör fer fram að tólf árum liðnum og skulu endurgreiðslur færðar til gildandi verðlags í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu.

5. gr.

Sá sem á inneign hjá fjárfestingarsjóði launamanna en hættir vinnu til frambúðar vegna örorku eða aldurs á rétt á að fá eign sína greidda út í samræmi við ákvæði reglugerðar.

6. gr.

Greiðslur til sjóðsins teljast til rekstrarkostnaðar í atvinnurekstri, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. 1. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og eru því dregnar frá tekjum atvinnurekenda áður en skattur er á lagður. Greiðslan er framtalsskyld sem tekjur viðkomandi launamanns en við útreikning á tekjuskatti og útsvari er heimilt að draga upphæðina frá tekjum með sama hætti og gert er varðandi skyldusparnað, sbr. A-lið 1. mgr. 30. gr. 1. nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, og 23. gr. 1. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

7. gr.

Fjármagn sjóðsins skal lagt í arðbæran atvinnurekstur sem stofnfé í nýjum rekstri og til aukinna fjárfestinga í starfandi fyrirtækjum.

Sjóðurinn getur lagt fram fé hvort heldur með kaupum á hlutabréfum, með umsaminni eignaraðild þegar ekki er um hlutafélag að ræða, eða með lánveitingum gegn þeim tryggingum sem stjórn sjóðsins metur gildir.

Almennt gildir að atvinnurekandi á rétt á því að sjóðurinn leggi fram fé í formi eignarframlags eða lánveitingar er nemi 50% af greiðslum fyrirtækisins til sjóðsins enda liggi fyrir að starfsmenn þess hafi verið hafðir með í ráðum um ráðstöfun þessa fjár og meiri hluti þeirra veitt samþykki sitt, sbr. 8. gr.

8. gr.

Starfsmannafélög fyrirtækja fara með rétt þann sem fylgir hlutabréfaeign eða annarri eignaraðild að rekstri fyrir hönd fjárfestingarsjóðsins. Hver starfsmaður, sem inneign á í fjárfestingarsjóði, hefur eitt atkvæði á fundi starfsmanna þar sem fjallað er um mál er varða eignaraðild sjóðsins eða lánveitingar til fyrirtækisins, óháð því hve mikil inneignin er eða hjá hverjum þeir störfuðu þegar inneign myndaðist.

9. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi er því ætlað að auka innlendan sparnað í þágu arðbærrar fjárfestingar fyrir atvinnuvegi landsmanna, í öðru lagi að stuðla með óbeinum hætti að aukinni eignaraðild launamanna í atvinnurekstri.

Vaxandi skuldasöfnun Íslendinga erlendis er mikið áhyggjuefni. Þegar lög þessi, sem hér er gerð tillaga um, væru að fullu komin til framkvæmda mundu þau stuðla að árlegum innlendum sparnaði til fjárfestingar er næmi um 800 millj. kr. miðað við áætlaðar launagreiðslur á þessu ári.

Íslenskir atvinnuvegir þarfnast aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar til að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum atvinnurekstri og til að gera þeim kleift að greiða hærri laun en nú er gert svo að þau jafnist á við launakjör í nálægum löndum — en þar vantar býsna mikið á eins og kunnugt er. Fjárfestingarsjóður launamanna opnar fyrirtækjum leið að verulegu fjármagni til að efla og bæta reksturinn. Oft gæti orðið um aukningu á eigin fé að ræða í formi hlutafjár eða eignarframlaga í annarri mynd. En þar sem því yrði ekki við komið eða þess væri ekki óskað af eigendum væri um lánsfjármögnun að ræða.

Spyrja má hvort með þessu væri ekki verið að leggja gjald á atvinnureksturinn sem síðan væri endurgreitt í formi hlutafjár eða lánsfjár. Svo er ekki. Greiðslan kæmi frá báðum aðilum, launagreiðendum og launamönnum, án þess að greint yrði á milli hvað væri frá hverjum; hún kæmi til frádráttar í bókhaldi rekstrar og væri því í mörgum tilvikum greidd af neytendum og auk þess kæmi greiðslan ekki til skatts, hvorki hjá launagreiðanda né launamanni og væri þess vegna að hluta til greidd af ríkissjóði.

Þannig er ljóst að fjármunir sjóðsins væru ekki fengnir einhliða frá atvinnurekstrinum heldur væru landsmenn allir, neytendur og skattgreiðendur, launamenn og atvinnurekendur, að leggja til hliðar fjármagn sem nyti sérstakra fríðinda en atvinnufyrirtækin fengju endanlega að ráðstafa.

Fríðindi í þágu atvinnurekstrar eru mikil í íslenskri löggjöf svo að mörgum þykir nóg um og á það einkum við um margháttuð skattfríðindi. En hér væri leitað jafnvægis á þann hátt að launamenn yrðu formlegir eigendur þessa fjármagns sem atvinnureksturinn nyti þó góðs af með beinum og óbeinum hætti. Jafnframt væri að því stefnt að starfsmenn fyrirtækja yrðu fyrir atbeina þessa fjármagns hafðir meira með í ráðum um fjárfestingu og uppbyggingu í fyrirtækjum en verið hefur.

Hugmyndir svipaðs eðlis og koma fram í þessu frumvarpi hafa verið til umræðu í nálægum löndum. Alþýðusamböndin í Danmörku og Svíþjóð hafa mikið frumkvæði haft í umræðum um þessi mál og í Svíþjóð hafa þegar verið samþykkt lög um sjóði launamanna. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þó frábrugðið sænsku lögunum í ýmsum mikilvægum atriðum sem leiða til þess að lögin yrðu einfaldari í framkvæmd og eignarhlutdeild launamanna persónubundnari.

Á 35. þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var á s. 1. hausti, var ályktun gerð um atvinnulýðræði þar sem lögð var sérstök áhersla á „launamannasjóði“. Er þar einmitt átt við sams konar sjóði og hér er gerð tillaga um. Ályktun þings ASÍ er hér birt sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

35. þing ASÍ

ÁLYKTUN UM ATVINNULÝÐRÆÐI

Verkalýðshreyfingin berst fyrir bættum lífskjörum félagsmanna sinna. Sú barátta getur ekki einskorðast við launakjör og vinnutíma. Hún hlýtur að ná til allra þátta þjóðlífsins því að góð lífskjör geta ekki einskorðast við krónur og aura eitt saman. Um leið og verkalýðssamtökin berjast fyrir bættum efnalegum kjörum og auknum efnahagslegum jöfnuði í þjóðfélaginu verða þau að huga rækilega að öðrum þáttum, s. s. jafnrétti til náms, félagslegum jöfnuði og auknu og virkara lýðræði í þjóðfélaginu.

Á næstu árum mun krafan um stóraukin og víðtæk áhrif vinnandi fólks á daglega stjórnun í atvinnulífinu verða ofarlega á verkefnaskrá verkalýðssamtakanna. Til þess að í slíku náist raunverulegur árangur verður verkafólk að fá efnahagsleg ítök í fyrirtækjum, t. d. með stofnun launamannasjóða.

Markmiðið er að gera lýðræðið í landinu öflugra en nú er og skapa jafnframt skilyrði til þess að gera vinnuna að öðru og meira en brauðstritinu einu saman, gæða atvinnulífið í landinu nýju lífi þar sem verkalýðsstéttin hefur annað og meira hlutverk en að vera aðeins hlekkur í framleiðslukeðjunni.

Með vinnu sinni skapar launafólk þau verðmæti sem eru grundvöllur þess að sjálfstætt þjóðfélag fái þrífist. Á vinnustað eyðir vinnandi fólk stórum hluta ævi sinnar. M. a. í ljósi þessa ályktar þingið eftirfarandi:

35. þing Alþýðusambands Íslands telur nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin undirbúi á næstu missirum baráttu fyrir stórauðnum áhrifum verkafólks á atvinnulífið.

Þingið telur að sú vinna eigi að beinast að eftirfarandi meginatriðum:

að gera útarlega úttekt á vinnumarkaðnum í því skyni að fá haldgóðar upplýsingar um raunveruleg áhrif launafólks í atvinnulífinu,

að safna upplýsingum um reynslu og hugmyndir verkalýðssamtakanna um atvinnulýðræði í nágrannalöndunum; í því sambandi skal leggja sérstaka áherslu á launamanna-sjóði, að móta tillögur um leiðir til stórauðinna áhrifa vinnandi fólks í atvinnulífinu, að vekja áhuga félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar á því að taka virkan þátt í stjórnun atvinnufyrirtækja,

að veita nauðsynlega fræðslu til þess að þeir geti axlað þá ábyrgð sem slíkri þátttöku fylgir,

að undirbúa samningsgerð við atvinnurekendur og ríkisvald er tryggi rétt launþega til að eiga hlutdeild í stjórnun fyrirtækja og atvinnulífsins í heild.

Þingið felur miðstjórn að setja á laggirnar 10 manna starfshóp til að vinna að stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar um atvinnulýðræði. Svo fljótt sem henta þykir skal boða til ráðstefnu er fjalli um heildarstefnu hreyfingarinnar í þessum efnum og skal við það miðað að verkalýðshreyfingin verði í stakk búin til að taka málið upp við atvinnurekendur og ríkisstjórn eigi síðar en á árinu 1987.